

# Fundur fulltrúa FUM og Samtaka áhugafólks um skólaþróun 23.1. 2023

Fundarstaður: Menntavísindasvið, E-205

Fundarefni: Sameiginleg ráðstefna um starfendarannsóknir vorið 2023.

Á fundi: Halldóra Pétursdóttir, Ingvar Sigurgeirsson (fundargerð), Súsanna Margrét Gestsdóttir, Tryggvi Thayer og Þrúður Hjelm (á fjarfundi). Karen Rut Gíslasdóttir kom á fundinn 17.30. Fjarverandi: Anna Magnea Hreinsdóttir.

Rætt var um hugsanlegt fyrirkomulag sameiginlegrar ráðstefnu um starfendarannsóknir vorið 2023. Upplýst var í upphafi fundar að *Rannsóknarstofa um starfendarannsóknir* hefði áhuga á að koma að ráðstefnunni og að Mariana Souto-Manning, prófessor við Columbia háskóla, væri væntanleg til landsins í maí á vegum Menntavísindasviðs, en hún er sérfræðingur í kennararannsóknnum. Haft var samband við Karenu Rut Gísladóttur formann stjórnar rannsóknarstofunnar og henni boðið að koma á fundinn og hafði hún tók á því.

Eftirfarandi hugmynd var mótuð á fundinum í samráði við Karenu:

Ráðstefnan verði, helst í húsakynnum Menntaskólans við Sund, föstudaginn 12. maí, kl. 13.00-17.00. Kannað verði hvort hægt verði að tengja ráðstefnuna námskeiðum sem kennarar geti sótt í framhaldinu, annað hvort á vegum Menntafléttunnar (sjá hér: <https://menntamidja.is/menntaflattan/>), eða einingabært námskeið (sjá t.d. hér: <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=61006720230>).

Leitað verði til Mariana Souto-Manning um að halda aðalerindi ráðstefnunnar.

Að erindi hennar loknu verði boðið upp á þrjár málstofur sem leiddar verði af forystuskólum í innleiðingu starfendarannsókna:

1. Starfendarannsóknir í leikskólum og á yngsta stigi grunnskóla: Krikaskóli.
2. Starfendarannsóknir á mið- og unglíngastigi grunnskóla: Dalskóli.
3. Starfendarannsóknir í framhaldsskólum: Menntaskólinn við sund.

Í lok ráðstefnunnar verði gerð grein fyrir þeim námskeiðum sem standa til boða um starfendarannsóknir.

Allir aðilar munu bera hugmyndina undir sínar stjórnir. Karen Rut gengur úr skugga um að Mariana Souto-Manning geti haldið aðalfyrirlesturinn. Ingvar mun hafa samband við Hildi Jóhannesdóttur, skólastjóra Dalskóla og Súsanna Margrét við Hjördísi Þorgeirsdóttur, Menntaskólanum við Sund. Leitað verður eftir aðild þeirra að ráðstefnunni og einnig hvort hægt sé að halda ráðstefnuna í MS. Karen Rut mun kanna möguleika á námskeiðum um starfendarannsóknir.

Rætt var um hugsanlegt þema fyrir ráðstefnuna og munu allir aðilar leggja höfuð í bleyti um það.

Næsti fundur verður við fyrstu hentugleika þegar þetta fyrirkomulag hefur verið borið undir stjórnir. Boðað verður til næsta fundar í framhaldi af því (Ingvar og Karen Rut).